

Leiðbeiningar

Spelkan þín

Hver spelka er sérgerð og aðlöguð til að veita stuðning við liði, eða að koma í veg fyrir ákveðnar hreyfingar. Spelka getur einnig haldið við skekkjur, létt álag og einangrað hita. Tilgangurinn er að bæta virkni og/eða minnka verki.

Notkun

Notaðu hjálpartækið þitt samkvæmt leiðbeiningum frá lækni, stoðtækjafræðingi eða söluaðila. Notaðu alltaf hreinan sokk undir spelkuna þína.

Umhirða

Það er mikilvægt að halda spelkunni hreinni, það eykur þægindi þín og endingartíma spelkunnar. Umhirðan fer eftir því úr hvaða efni spelkan er, en það er alltaf hægt að þurrka af spelkunni með rökum klút og mildri sápu. Látið spelkuna alltaf þorna við herbergishita. Forðist hitagjafa einsog þurrkskáp, - því form spelkunnar getur breyst við mikinn hita. Skoðaðu spelkuna reglulega með tilliti til slits og virkni í spelkuliðunum. Hafðu samband við stoðtækjaverkstæði/ Stoð ef eitthvað fer í sundur, slitnar, liðir stífna eða byrja að marra. Ef spelkan þín er með spelkuliðum er nauðsynlegt að bóka tíma árlega í eftirlit og skoðun.

Takmarkanir

Þegar spelkan er ný er hún í byrjun notuð í stuttan tíma í einu nema annað sé ákveðið við afhendingu, eða af lækni. Fylgist vel með hvort nuddsár eða þrýstingspunktur séu sjánalegir, það er sérstaklega mikilvægt fyrir þá sem eru með skerta tilfinningu eða eiga það til að bólgnu upp. Ef merki eftir nudd/þrýsting eða roði hverfur ekki eftir notkun er nauðsynlegt að hafa samband við Stoðtækjaverkstæðið Stoð. Aðlögun eða breyting getur þá verið nauðsynleg og er hún innifalin fyrstu 3 mánuðina eftir afhendingu.

Almennt

Ef þú þarft nýtt hjálpartæki hefur þú fyrst samband við þinn lækni, sjúrabjálfa – eða stoðtækjafræðing

Hafa samband

Við hjá Stoð aðstoðum ykkur eftir þörfum. Við höfum víðtæka reynslu og þekkingu og viljum alltaf veita þér bestu þjónustuna. Hafðu samband og bókaðu tíma hjá stoðtækjafræðingi, á heimasíðunni okkar er hægt að sjá hvernig er best að bóka tíma.